

6. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 26. september, kl. 14.00, í Flúðaskóla. 11. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Kristín Erla Ingimarsdóttir, fulltrúi kennara og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Ingvar Hjálmarsson, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði mættu ekki til fundarins.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Stefnumótun - skólaþing.
3. Heilsueflandi skóli.
4. Mötuneyti. Verkefni MATÍS.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Sunneva Sól Árnadóttir sem vann sér þátttökurétt í vinnusmiðju NKG (Nýsköpunarkeppni grunnskóla) vann til silfurverðlauna í keppninni. Hún fékk að launum peningaverðlaun, námskeið á FABLAB vinnustofu í Vestmannaeyjum og rétt til þátttöku í Háskóla unga fólksins sem haldinn er á hverju sumri.

Samræmdu prófin voru í vikunni 19. – 23. september í 4., 7. og 10. bekk.

133 nemendur hlupu í Norræna skólahlaupinu auk starfsfólks. 47 nemendur fóru 2,5 km, 58 nemendur 5 km og 28 fóru 10 km. Allir voru mjög jákvæðir og vildu vera með en sumir ætluðu sér um of.

Skólinn er skráður í verkefnið „Göngum í skólann“ eins og undanfarin ár og verður efnt til gönguferða í næsta nágreppi skólans í tilefni af því. Verkefnið stendur yfir frá 7. september til 5. október ár hvert.

2. Stefnumótun – skólaþing. Staða mála frá síðasta fundi.

Formaður fór yfir stöðu mála. Sveitastjórar í báðum sveitarfélögum sem tengjast Flúðaskóla hafa rætt málið og var niðurstaða þeirra jákvæð. Næsta skref er að leita tilboða hjá ráðgjafafyrirtækjum til að koma að verkefninu.

3. Heilsueflandi skóli.

Skólastjóri skýrði frá því að Flúðaskóli er orðinn formlegur þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi grunnskólar“. Næsta skref er að skipa stýrihóp um verkefnið. Stýrihópin skipa fulltrúar kennara, starfsfólks, foreldra og nemenda. Heilsueflandi skóli þarf að setja sér heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun. Verkefnið er á vegum Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar. Upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Flúðaskóla.

4. Mötuneyti. Verkefni MATÍS.

Skólastjóri skýrði frá verkefninu og niðurstöðum Þóris Bergssonar, matreiðslumanns sem annaðist úttekina á mötuneyti skólans fyrir hönd MATÍS. Þórir lagði fram tillögur í 6 liðum sem sendar hafa verið sveitarstjóra. Fræðslunefnd tekur undir tillögur MATÍS og leggur til að ráðist verði í umbæturnar sem fyrst, sé þess nokkur kostur.

Skólastjóri skýrði frá því að lítil viðbrögð fengust við auglýsingu frá skólanum þar sem óskað var eftir að matvælaframleiðendur seldu hráefni beint til skólans.

5. Önnur mál.

- a. Umsókn um greiðslu kostnaðar vegna skólasóknar barns í Reykjavík. Formaður fór yfir málið. Fræðslunefnd samþykkir umsóknina fyrir skólaárið 2011-2012.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.50.